

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga

Ársreikningur 2013

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 17

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Strandgötu 1
530 Hvammstanga
kt. 680169-1879

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru.

Starfsemin á árinu

Heildarvelta félagsins nam 726,2 millj. kr. á árinu og hagnaður ársins var 27,0 millj. kr. Fjöldi ársverka á árinu voru 18.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2014 og hann var á árinu 2013.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignaraðild

Félagsmenn í árslok voru 442 í 6 félagsdeildum en voru 448 í ársbyrjun. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 25. mars 2014.

Stjórn

Kaupfélagsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnavetninga fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og kaupfélagsstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 25. mars 2014.

PricewaterhouseCoopers ehf

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga höfum yfirfarið ársreikning þennan. Að okkar áliti gefur hann glögga mynd af rekstri félagsins og fjárhagslegri stöðu í lok ársins 2013.

Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hvammstanga, 25. mars 2014.

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Sala verslunardeilda		704.911.684	642.583.247
Sala afurða		3.109.657	2.896.378
Aðrar tekjur		18.221.641	20.765.381
		<u>726.242.982</u>	<u>666.245.006</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		574.923.521	523.974.090
Laun og launatengd gjöld	16	103.162.641	94.054.429
Annar rekstrarkostnaður		32.269.523	30.023.112
Afskriftir	4	7.209.868	7.077.691
		<u>717.565.553</u>	<u>655.129.322</u>
Rekstrarhagnaður		8.677.429	11.115.685
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	3	4.217.565	3.124.225
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	5	16.648.662	40.136.777
Hagnaður fyrir skatta		29.543.656	54.376.687
Tekjuskattur	8	(2.582.879)	(3.061.182)
Hagnaður ársins		<u>26.960.777</u>	<u>51.315.505</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:	4		
Fasteignir		63.769.169	64.769.620
Vélar, áhöld og innréttingar		19.860.721	24.607.383
Bifreiðar		1.964.143	2.241.434
		<u>85.594.033</u>	<u>91.618.437</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	5	182.411.386	169.762.724
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	8.074.770	8.949.770
Skuldabréf	7	21.633.310	24.519.864
Tekjuskattsinneign	8	10.793.549	13.376.428
		<u>222.913.015</u>	<u>216.608.786</u>
Fastafjármunir samtals		308.507.048	308.227.222
Veltufjármunir			
Birgðir	9	71.529.883	61.206.620
Skuldabréf	7	6.813.526	8.541.605
Viðskiptakröfur	10	101.112.671	78.823.039
Krafa á tengda aðila	15	6.467.645	12.451.030
Aðrar skammtímakröfur		15.845.190	13.254.060
Handbært fé		128.602.687	150.463.974
		<u>330.371.602</u>	<u>324.740.328</u>
Eignir samtals		<u>638.878.650</u>	<u>632.967.550</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Stofnsjóður félagsmanna		2.567.477	2.592.222
Lögbundinn varasjóður		641.869	648.056
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu		18.111.380	17.470.834
Menningarsjóður		180.093	177.889
Óráðstafað eigið fé		398.584.758	372.258.341
		<u>420.085.578</u>	<u>393.147.342</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lán til lengri tíma en árs	12	44.716.843	53.684.202
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	13	144.800.457	162.073.593
Aðrar skammtímaskuldir		20.881.589	16.320.602
Næsta árs afborganir langtímalána	12	8.394.183	7.741.811
		<u>174.076.229</u>	<u>186.136.006</u>
Skuldir samtals		218.793.072	239.820.208
Eigið fé og skuldir samtals		<u>638.878.650</u>	<u>632.967.550</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	14		
Aðrar upplýsingar	16		

Sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		26.960.777	51.315.505
Rekstraraliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	7.209.868	7.077.691
Aðrir liðir		(16.131.243)	(39.395.002)
		<u>18.039.402</u>	<u>18.998.193</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(18.022.377)	(24.286.765)
Birgðir		(10.323.263)	(16.259.388)
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(12.712.149)	13.660.233
		<u>(41.057.790)</u>	<u>(26.885.920)</u>
Handbært fé (til rekstrar)		(23.018.387)	(7.887.727)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(1.185.465)	(8.618.272)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	2.764.319
Kaupverð eignarhluta í félögum		0	(3.288.814)
Arður frá hlutdeildarfélagi	5	4.000.000	4.000.000
Veittar nýjar langtímakröfur		(1.741.325)	(3.000.000)
Afborganir langtímakrafna		7.336.591	7.230.087
		<u>8.409.801</u>	<u>(912.680)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímaskulda		(7.230.160)	(7.699.193)
Aðrar breytingar		(22.541)	(269.645)
		<u>(7.252.701)</u>	<u>(7.968.838)</u>
(Lækkun) á handbæru fé		(21.861.287)	(16.769.245)
Handbært fé í ársbyrjun		150.463.974	167.233.219
Handbært fé í árslok		<u>128.602.687</u>	<u>150.463.974</u>
Aðrar upplýsingar:			
Innborgaðar vaxtatekjur		8.826.170	9.055.728
Greiddir vextir		(6.913.811)	(6.132.972)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga er samvinnufélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

1.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

1.4 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2014. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og innréttingar	6-10 ár
Bifreiðar	6-10 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.8 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Önnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Önnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.10 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

Skýringar

1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.12 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

1.13 Tekjuskattsinneign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færist til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. útlánaáhættu vegna krafna, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- kröfur / skuldir	Aðrir liðir	Samtals 2013	Samtals 2012
Vaxtatekjur og verðbætur	2.784.572	2.542.818	4.551.894	9.879.284	10.665.510
Arður af hlutabréfum	0	0	147.200	147.200	117.760
Niðurfærsla á eignarhlutum	0	0	0	0	(900.000)
Vaxtagjöld og verðbætur	0	(3.589.583)	(3.304.164)	(6.893.747)	(6.465.773)
Gengismunur	0	1.084.828	(0)	1.084.828	(293.272)
	<u>2.784.572</u>	<u>38.063</u>	<u>1.394.930</u>	<u>4.217.565</u>	<u>3.124.225</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bífreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	64.769.620	24.607.383	2.241.434	91.618.436
Viðbætur á árinu	1.185.465	0	0	1.185.465
Afskrifað á árinu	(2.185.915)	(4.746.662)	(277.291)	(7.209.868)
Bókfært verð 31/12	<u>63.769.169</u>	<u>19.860.721</u>	<u>1.964.143</u>	<u>85.594.033</u>

Fasteignir félagsins sundurliðast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Strandgata 1, Hvammstanga	170.726.000	758.295.000	63.769.169

Vátryggingarverð véla, áhalda, innréttinga og bifreiða er 112,1 milljónir króna í árslok.

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutdeild í hlutdeildarfélagum greinist þannig:

	Eignarhlutdeild í lok árs	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Sláturhús KVH ehf	50%	52.500.000	182.411.386

Breyting á hlutdeildarfélagi greinist þannig:

Staða 1/1	169.762.725
Hlutdeild í hagnaði	16.648.662
Hlutdeild í arði	(4.000.000)
Staða 31/12	<u>182.411.386</u>

Skýringar

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutd. í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Brauð- og kökugerðin hf	50,0%	600.000	600.000
Búr ehf	1,2%	1.000.000	1.000.000
Fasteignafélagið Borg ehf	2,1%	1.356.749	1.100.000
Fóðurblandan hf	0,4%	3.688.770	3.688.770
Húnakorn ehf	5,7%	125.000	125.000
Ístex hf	1,2%	736.000	736.000
Reykjahöfði ehf	25,0%	625.000	625.000
Selasetur Íslands ehf	3,0%	100.000	100.000
Selasigling ehf	16,7%	100.000	100.000
		<u>8.331.519</u>	<u>8.074.770</u>

7. Skuldabréfaeign

Afborganir af skuldabréfaeign og öðrum langtímakröfum í árslok 2013 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014	6.813.526
Árið 2015	6.629.963
Árið 2016	6.079.276
Árið 2017	6.079.276
Árið 2018	474.133
Síðar	<u>2.370.663</u>
	<u>28.446.836</u>

Skuldabréfaeign, samtals 28,4 millj. króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2014, færðar meðal veltufjármuna	6.813.526
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>21.633.310</u>
	<u>28.446.836</u>

8. Tekjuskattsinneign

Breyting tekjuskattsinneignar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign 1/1	13.376.428
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(2.582.879)
Tekjuskattur til greiðslu 2014 vegna 2013	<u>0</u>
Tekjuskattsinneign 31/12	<u>10.793.549</u>

Skýringar

Tekjuskattsinneign (frh)

Tekjuskattsinneign (-skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir	(3.372.019)	(2.992.590)
Viðskiptakröfur	5.309.110	4.771.735
Gengismunur	110.498	(125.092)
Yfirfæranlegt tap	11.328.839	9.139.496
	<u>13.376.428</u>	<u>10.793.549</u>

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2014 þrátt fyrir hagnað á árinu 2013 vegna ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 2005, nýtanlegt til ársloka 2015	8.892.431
Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársloka 2018	36.805.054
	<u>45.697.485</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2013	2012
Hagnaður fyrir skatta	29.543.656	54.376.687
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skattshlutfall	5.908.731	10.875.337
Skattfrjálsar tekjur (varanlegir mismunir t.d. hlutdeildartekjur)	(3.329.732)	(8.027.355)
Ófrádráttarbær gjöld	3.880	183.760
Áhrif vegna leiðréttingar frá fyrra ári	0	29.440
Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>2.582.879</u>	<u>3.061.182</u>

9. Birgðir

	2013	2012
Birgðir greinast þannig:		
Kjörbúð	32.360.116	27.880.610
Byggingavörudeild	20.055.400	12.942.575
Pakkhús	19.114.367	20.383.435
	<u>71.529.883</u>	<u>61.206.620</u>

Vátryggingarverð birgða er 114,7 milljónir króna í árslok.

10. Viðskiptakröfur

	2013	2012
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptamenn	124.971.346	105.368.590
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(23.858.676)	(26.545.551)
	<u>101.112.671</u>	<u>78.823.039</u>

Skýringar

Viðskiptakröfur (frh)

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

Staða 1/1	26.545.551	24.667.651
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(3.312.277)	0
Framlag í afskriftareikning, hækkun (lækkun)	625.402	1.877.900
Staða 31/12	23.858.676	26.545.551

11. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum 2013 greinast þannig:

Stofnsjóður félagsmanna:

Staða 1/1	2.592.222	
Greitt úr stofnsjóði	(135.406)	
Vextir	138.322	
Fjármagnstekjuskattur	(27.661)	2.567.477

Annað eigið fé:

Lögbundinn varasjóður:

Staða 1/1	648.056	
Millifært á óráðstafað eigið fé	(6.186)	641.869

Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu:

Staða 1/1	17.470.834	
Verðbætur	640.546	18.111.380

Sjóðurinn var upphaflega 10 milljónir króna og er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður. Tilgangur sjóðsins er stuðningur við mjólkurframleiðslu á svæði Kaupfélagsins. Verði Kaupfélagið lagt niður eða sameinað verður sjóðurinn í umsjón mjólkurframleiðenda í Húnaþingi vestra.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum til kvótakaupa námu í árslok 1,3 milljónum króna.

Menningarsjóður:

Staða 1/1	177.889	
Tillög í sjóðinn	252.204	
Veitt fé úr menningarsjóði	(250.000)	180.093

Óráðstafað eigið fé:

Staða 1/1	372.258.341	
Verðbætur á sjóð til stuðnings mjólkurframleiðslu	(640.546)	
Hagnaður ársins	26.960.777	
Millifært af lögbundnum varasjóði	6.186	398.584.758

Eigið fé samtals

420.085.578

Skýringar

12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Í JPY, vextir 4,04%	1.502.221
Í CHF, vextir 3,92%	2.826.795
Í ISK, vextir 6,75%	48.782.010
	<u>53.111.026</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2013 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014	8.394.183
Árið 2015	4.065.168
Árið 2016	4.065.168
Árið 2017	4.065.168
Árið 2018	4.065.168
Síðar	28.456.173
	<u>53.111.026</u>

Langtímaskuldir samtals 53,1 millj. króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2014, færðar meðal skammtímaskulda	8.394.183
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	44.716.843
	<u>53.111.026</u>

13. Viðskiptaskuldir

	2013	2012
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir, almennar	76.505.944	94.350.995
Skuldir við fyrirtæki og stofnanir	68.294.513	67.722.598
	<u>144.800.457</u>	<u>162.073.593</u>

14. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Kaupfélagið hefur gefið út tryggingabréf til handa Sparisjóðabanka Íslands hf. að fjárhæð 100 milljónir króna með veði í fasteignum og tækjum. Einnig hefur verið gefið út tryggingabréf til handa Landsbankanum hf. að fjárhæð 50 milljónir króna með veði í fasteignum og tækjum.

Ábyrgðarskuldbindingar

Kaupfélagið hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð til handa Landsbankanum að fjárhæð 14,8 milljónir króna vegna lána Reykjahöfða ehf.

Skýringar

15. Viðskipti við tengda aðila

Heildarviðskipti við hlutdeildarfélagið Sláturhús KVH ehf námu 13,5 milljónum króna.

	2013	2012
Krafa á tengda aðila sundurliðast þannig í árslok:		
Krafa á Sláturhús KVH ehf	3.864.163	11.387.034
Krafa á Reykjahöfða ehf	2.603.482	1.063.996
	<u>6.467.645</u>	<u>12.451.030</u>

Innifalið í skuldabréfaeign er skuldabréf á Sláturhús KVH ehf 22.420.572 27.487.663

Reykjahöfði ehf er í sameiginlegri eigu Kaupfélagsins, Sláturhúss KVH ehf og annarra aðila.

16. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

	2013	2012
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	84.226.226	77.515.759
Launatengd gjöld	18.936.415	16.538.670
	<u>103.162.641</u>	<u>94.054.429</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 18 starfsmenn á árinu. Laun og þóknanir til stjórnenda námu 10,3 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.